

Alþingi
Erindi nr. *P 139/1275*
komudagur *10.2.2011*

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 7. febrúar 2011
RH/SLB/005/2011


**Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðarl
breytingum (sjúkdómatryggingar) – 300. mál.**

Við er til tölvubréfs dags. 20. janúar 2011 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Bætur skv. lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007 eru reiknaðar út miðað við þær upplýsingar sem berast frá skattyfirvöldum um hvað teljist tekjur nema það sem er sérstaklega undanskilið. Meðhöndlun skattyfirvalda á umræddum vátryggingabótum kann því að hafa áhrif á tekjutengdar bætur lífeyrisþega.

Í 2. gr. frumvarpsins er ríkisskattstjóra veitt heimild til endurupptöku skv. 3. mgr. 101. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Skv. því ákvæði getur ríkisskattstjóri tekið upp skattframtöl allt að sex árum aftur í tímann. Tryggingastofnun er hins vegar bundin af ákvæði 2. mgr. 53. almannatryggingalaga og getur skv. því ekki leiðrétt eða ákvarðað bætur meira en tvö ár aftur í tímann. Breyti skattyfirvöld álagningu einstakra lífeyrisþega lengra aftur í tímann en sem því nemur, er Tryggingastofnun ekki heimilt að leiðrétta tekjutengdar bætur lífeyrisþegans til samræmis.

Virðingarfyllst,



Sigríður Lillý Baldursdóttir
forstjóri